



Reykjavík, 6. desember 2021

SFS2020010179

222. fundur

HG/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leka í Fossvogsskóla

Á 178. fundi skóla- og frístundaráðs 28. janúar 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga vegna leka í Fossvogsskóla, ábendingar hafa komið frá foreldrum um að upplýsingagjöf hafi verið verulega ábótavant til þeirra. Af því tilefni er óskað eftir því að nauðsynlegar upplýsingar varðandi framkvæmdina og ástand skólans verði veittar á næsta fundi (meðal annars eftirtaldar upplýsingar). 1) Fá að sjá eftirlitsdagbók af viðhaldi á Fossvogsskóla í sumar og haust. Eins þá með hvaða hætti mygluprófið sem gaf grænt ljós á að opna skólann aftur var framkvæmt, hver framkvæmdi það, hvort ítrasta próf hafi verið framkvæmt eða ekki. Ef ekki, hverju það sæti og hver tók ákvörðun um að framkvæma ekki ítrasta og nákvæmasta prófið? Með hvaða hætti var hreinsun myglu háttað? 2) Fá að sjá samskipti milli skólastjórnenda, foreldra og skóla- og frístundasviðs frá september og fram í janúar vegna leka sem aftur kom upp í Fossvogsskóla. 3) Fá upplýsingar um það hversu margir starfsmenn Fossvogsskóla hafa verið fjarverandi vegna veikinda síðustu 5 ár? Hvernig mælast fjarvistir frá vinnu í samanburði við aðra skóla? 4) Fá upplýsingar um það hvenær skóla- og frístundasvið var upplýst um leka í endurnýjuðu þaki Fossvogsskóla og aðrar raka- og mygluskemmdir á skólanum eftir endurbætur? 5) Fá upplýsingar um það hvernig sviðið ætlar að bregðast við þeim aðstæðum sem núna hafa komið upp í Fossvogsskóla. 6) Fá upplýsingar um það hversu hár kostnaður var við framkvæmdir við Fossvogsskóla.

Svar:

- 1) *Fá að sjá eftirlitsdagbók af viðhaldi á Fossvogsskóla í sumar og haust. Eins þá með hvaða hætti mygluprófið sem gaf grænt ljós á að opna skólann aftur var framkvæmt, hver framkvæmdi það, hvort ítrasta próf hafi verið framkvæmt eða ekki. Ef ekki, hverju það sæti og hver tók ákvörðun um að framkvæma ekki ítrasta og nákvæmasta prófið? Með hvaða hætti var hreinsun myglu háttað?*

Svar: Allar skýrslur, minnisblöð ásamt úttektum sem gerðar hafa verið af ráðgjöfum okkar á rakaskemmdum í Fossvogsskóla má finna á Framkvæmdasjá Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/framkvaemdasja/foosvogsskoli-endurbætur>

Þá hefur Reykjavíkurborg mótað sér stefnu um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Stefnan er unnin í samstarfi skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs og er hún nú í umsagnarferli.

- 2) *Fá að sjá samskipti milli skólastjórnenda, foreldra og skóla- og frístundasviðs frá september og fram í janúar vegna leka sem aftur kom upp í Fossvogsskóla.*

Svar: Bent er á allar fundargerðir skólaráðs sem eru birtar á heimasíðu Fossvogsskóla á slóðinni <https://fossvogsskoli.is/skolinn/skolarad/>

- 3) *Fá upplýsingar um það hversu margir starfsmenn Fossvogsskóla hafa verið fjarverandi vegna veikinda síðustu 5 ár? Hvernig mælast fjarvistir frá vinnu í samanburði við aðra skóla?*

Svar:

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir.

- 4) *Fá upplýsingar um það hvenær skóla- og frístundasvið var upplýst um leka í endurnýjuðu þaki Fossvogsskóla og aðrar raka- og mygluskemmdir á skólanum eftir endurbætur?*

Svar:

Það hefur verið mikil áskorun þar sem sífellt hefur komið upp ný staða varðandi húsnæðið, sem ekki sást fyrir. Fyrir liggur að haldgóða þekkingu á orsökum og afleiðingum myglu hefur almennt skort á liðnum árum en sú þekking verður sífellt meiri og betri. Þá liggur fyrir að Reykjavíkurborg hefur gripið til viðtækra aðgerða sem ná annars vegar til húsnæðis Fossvogsskóla og hinsvegar til alls húsnæðis leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Upplýst er um að á fundi borgarráðs þann 9. september sl. voru samþykktar tillögur starfshóps um verkferil vegna rakaskemmda eða myglu í húsnæði sem hýsir starfsemi Reykjavíkurborgar. Bréf borgarstjóra, dags. 7. september sl. og skýrslu starfshópsins má sjá hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/4_tillogur_starfshops_um_verkferil_vegna_rakaskemmda_eda_myglu_i_husnaedi_s_em_hysir_starfsemi_reykjavikurborgar_r21030117.pdf

Verkferillinn skerpir á því sem betur má fara varðandi skipulag, verkstjórn, undirbúning og upplýsingagjöf um framkvæmdir sem tengjast myglu og rakaskemmdum í húsnæði í eigu borgarinnar.

Verkferillinn er afrakstur mikilvægs lærdóms af húsnæðismálum Fossvogsskóla og einnig mikillar samvinnu margra fagaðila innan og utan Reykjavíkurborgar. Hann verður héðan í frá nýttur sem leiðarljós í öllum viðbrögðum og framkvæmdum sem kann að þurfa að bregðast við vegna loftgæðavanda í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar og er þegar farinn að sanna gildi sitt. Verkferillinn verður sérstaklega kynntur skólaráði Fossvogsskóla sem og starfsfólki.

- 5) *Fá upplýsingar um það hvernig sviðið ætlar að bregðast við þeim aðstæðum sem núna hafa komið upp í Fossvogsskóla.*

Svar: Mikilvægt er að taka fram að það hefur verið leiðarljós skóla- og frístundasviðs að tryggja farsælt skólastarf fyrir nemendur í Fossvogsskóla eins og kostur hefur verið. Þá hefur verið lögð áhersla á að upplýsa foreldra, starfsfólk og skólaráð um stöðu mála.

Á framkvæmdasjá má sjá áætlaðar framkvæmdir við Fossvogsskóla.

https://reykjavik.is/sites/default/files/framkvaemdasja/skjol_2014/fossvogsskoli_framkvaemdir.pdf

6) *Fá upplýsingar um það hversu hár kostnaður var við framkvæmdir við Fossvogsskóla.*

Svar:

Endanlegur kostnaður vegna framkvæmda við Fossvogsskóla liggur ekki fyrir.

Beðist er velvirðingar á að ofangreindri fyrirspurn hefur ekki verið svarað fyrr. Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan fyrirspurnin kom fram. Málefni Fossvogsskóla hafa oft ratað á fundi skóla- og frístundaráðs bæði formlega (t.d. 22. júní, 17. ágúst, 24. ágúst 2021) og einnig til að veita mikilvægar upplýsingar undir liðnum fréttir af vettvangi. Þá hefur reglulega verið fjallað um húsnæðismál skólans og fulltrúar af umhverfis- og skipulagssviði mætt á fundi ráðsins til að fylgja þeim málum eftir. Ekki er talin ástæða til að fara í að veita svör við einstökum spurningum hér að ofan í smáatriðum heldur er bent á að ákvörðun liggur fyrir um stórfelldar endurbætur á húsnæði skólans sem þegar eru hafnar. Skólastarfið fer af þeim sökum veturinn 2021-2022 fram í húsnæði Korpuskóla fyrir 5. – 7. bekk, í nýjum færanlegum kennslustofum á lóð Fossvogsskóla fyrir 2. – 4. bekk og í húsnæði frístundaheimilis við Fossvogsskóla fyrir 1. bekk. Allar upplýsingar liggja fyrir í framkvæmdasjá varðandi þær úttektir sem gerðar hafa verið á skólahúsnæðinu sem og þær framkvæmdir sem þegar hafa farið fram og standa yfir. Þann 1. desember 2021 tók nýr skólastjóri, Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir tímabundið við starfi skólastjóra í Fossvogsskóla þar sem fyrri skólastjóri Ingibjörg Ýr Pálmadóttir óskaði eftir lausn frá störfum.